

## Árshlutareikningur Byggðastofnunar janúar – júní 2012

Árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2012, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 31. ágúst 2012.

Tap tímabilsins nam 206,4 mkr. Til samanburðar nam hagnaður sama tímabils 2011 14,8 mkr.

### Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2012

- Tap stofnunarinnar á tímabilinu nam 206,4 mkr.
- Hreinar vaxtatekjur voru 317 mkr. eða 44,8% af vaxtatekjum, samanborið við 332 mkr. (47,5% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur á sama tímabili 2011.
- Almenn rekstrargjöld námu 252,5 mkr., samanborið við 239,3 mkr. á sama tímabili 2011
- Framlög í afskriftarreikning útlána, og matsbreyting hlutafjár nam 339 mkr. en voru 274 mkr. 2011
- Eignir námu 16.959 mkr. og hafa lækkað um 690 mkr. frá áramótum. Þar af voru útlán og fullnustueignir 13.861 mkr.
- Skuldir námu 15.149 mkr. og hafa lækkað um 2.234 mkr. frá áramótum.
- Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings námu 226 mkr.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki er 10,12% en skal að lágmarki vera 8%

### Um árshlutareikninginn

Tap tímabilsins tímabilsins nam 206,4 mkr. samanborið við 14,8 mkr. hagnað á sama tímabili 2011. Skýrist þetta fyrst og fremst með gengistapi upp á 104 mkr í stað 42 mkr. gengishagnaðar 2011 og hærri framlögum í afskriftarreikning útlána. Framlög á afskriftarreikning útlána námu 339 mkr. samanborið við 274 mkr. á sama tímabili 2011. Muninn má rekja til sölu stórrar fullnustueignar fyrir nokkuð lægra verð en gert hafði verið ráð fyrir.

Alþingi samþykkti í fjárlögum 2012 heimild til að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.000 milljónir króna. Af því framlagi voru 1.750 milljónir króna greiddar til stofnunarinnar í janúar 2012. Við þetta framlag uppfyllti stofnunin kröfur um 8% eiginfjárlutfall. Eiginfjárlutfall Byggðastofnunar er nú 10,12%.

### Horfur

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra er nú rekið mál þar sem tekist er á um lögmæti erlendra lána sem stofnunin hefur veitt viðskiptavinum sínum og hvort þau teljist lögmæt lán í erlendri mynt eða ólögmæt gengislán. Gert er ráð fyrir að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar á hvorn veginn sem dæmt verður. Vænta má að niðurstaða Hæstaréttar hafi fordæmisgildi varðandi aðra lánasamninga stofnunarinnar í erlendum myntum. Verði niðurstaðan sú að samningarnir séu ólögmætir og lánin skuli endurreiknuð mun það hafa veruleg áhrif á útlánasafn stofnunarinnar. Það er álit Byggðastofnunar og lögmanna hennar að skuldabréf stofnunarinnar séu lán í erlendri mynt en ekki ólögmæt gengislán.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu [adalsteinn@byggdastofnun.is](mailto:adalsteinn@byggdastofnun.is)

## Lykiltölur úr árshlutareikningi

	<b>30.6.2012</b>	<b>2011</b>	<b>30.6.2011</b>	<b>2010</b>	<b>30.6.2010</b>	<b>2009</b>
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
<b>Rekstrarreikningur</b>						
Vaxtatekjur	708.972	1.325.644	698.795	1.211.531	727.192	1.979.323
Vaxtagjöld	391.543	685.712	366.790	677.608	467.972	1.294.718
Hreinar vaxtatekjur	<i>317.429</i>	<i>639.933</i>	<i>332.005</i>	<i>533.922</i>	<i>259.220</i>	<i>684.605</i>
Rekstrartekjur	67.542	319.051	196.045	228.635	97.841	509.256
Hreinar rekstrartekjur	<i>384.971</i>	<i>958.983</i>	<i>528.050</i>	<i>762.558</i>	<i>357.061</i>	<i>1.193.861</i>
Rekstrargjöld	591.411	1.194.695	513.233	3.390.472	1.348.717	4.208.477
<b>Hagnaður (-tap)</b>	<b>-206.439</b>	<b>-235.712</b>	<b>14.816</b>	<b>-2.627.914</b>	<b>-991.656</b>	<b>-3.014.616</b>
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	338.957	710.772	273.912	2.894.164	1.102.353	3.720.936
<b>Efnahagsreikningur</b>						
<b>Eignir</b>						
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	2.200.814	2.464.230	1.589.015	1.875.859	1.958.425	2.167.413
Útlán	13.861.641	14.214.991	14.382.762	14.063.814	16.298.927	17.763.366
Eignahlutir í félögum	810.267	881.276	926.886	951.483	1.046.095	1.054.191
Aðrar eignir	86.598	89.266	94.363	103.318	154.276	2.729.331
<b>Eignir samtals</b>	<b>16.959.319</b>	<b>17.649.763</b>	<b>16.993.025</b>	<b>16.994.474</b>	<b>19.457.723</b>	<b>23.714.302</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>						
Lántökur	14.904.163	17.137.891	17.240.473	17.229.307	18.203.850	22.438.604
Aðrar skuldir	245.301	245.578	235.729	263.161	115.609	145.778
<b>Skuldir samtals</b>	<b>15.149.464</b>	<b>17.383.468</b>	<b>17.476.202</b>	<b>17.492.468</b>	<b>18.319.458</b>	<b>22.584.381</b>
Eigið fé	1.809.856	266.295	-483.177	-497.993	1.138.265	1.129.921
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>16.959.319</b>	<b>17.649.763</b>	<b>16.993.025</b>	<b>16.994.474</b>	<b>19.457.723</b>	<b>23.714.302</b>
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings	226.019	218.330	227.588	220.659	374.503	368.282
<b>Sjóðstreymi</b>						
Handbært fé frá rekstri	366.203	707.231	233.330	-1.621.193	-2.103.648	522.028
Fjárfestingarhreyfingar	232.024	224.635	144.088	132.408	2.535.693	-703.979
Fjármögnunarahreyfingar	-861.644	-343.495	-664.262	1.197.231	-641.033	-123.133
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé</i>	<i>-263.416</i>	<i>588.371</i>	<i>-286.844</i>	<i>-291.554</i>	<i>-208.988</i>	<i>-305.084</i>
Handbært fé í ársbyrjun	2.464.230	1.875.859	1.875.859	2.167.413	2.167.413	2.472.498
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>2.200.814</b>	<b>2.464.230</b>	<b>1.589.015</b>	<b>1.875.859</b>	<b>1.958.425</b>	<b>2.167.414</b>
Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	10,12%	1,34%	-2,41%	-2,40%	5,18%	4,92%